



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

# **Tíðniheimild Fjarskipta hf.**

**til notkunar fyrir farnetsþjónustu á**

**2600 MHz tíðnisviðinu**

**(Tíðniheimild I 2600)**

**7. júlí 2017**

Með vísan til IV. kafla laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, ákvæða reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna og með vísan til uppboðs á tíðniheimildum, sem haldið var á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) og lauk þann 23. maí 2017, þar sem Fjarskipti hf. átti hæsta boð í tíðniheimild I, hefur PFS ákveðið að Fjarskipti hf. hafi heimild til notkunar á tíðnisviðinu 2520 - 2540 / 2640 - 2660 MHz fyrir háhraða farnetsþjónustu eins og það er nánar ákvarðað í tíðniheimild þessari. Til fyllingar tíðniheimild þessari eru skilmálar uppboðs á tíðniréttindum á 700, 800, 2100 og 2600 MHz tíðnisviðunum sem lágu til grundvallar framangreindu uppboði. Skilmálarnir voru birtir á heimasíðu PFS þann 12. apríl 2017.

### **1. gr.**

#### **Úthlutun tíðna**

Fjarskipti hf., kt. 470905-1740, (hér eftir nefnt tíðniréttthafi) fær hér með heimild til notkunar á tíðnum fyrir háhraða farnetsþjónustu á 2520 - 2540 / 2640 - 2660 MHz tíðnisviðinu að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í heimild þessari.

Heimildin tekur til uppsetningar og starfrækslu radióstöðva, skiptistöðva og annars nauðsynlegs búnaðar í þeim tilgangi að veita háhraða farnetsþjónustu.

Heimildin er ekki framseljanleg hvorki að hluta né í heild.

### **2. gr.**

#### **Nýting tíðnisviðsins**

2600 MHz tíðnisviðið skal notað fyrir háhraða farnetsþjónustu, þ.e. tæknilega hlutlaust fyrir þá þjónustu. Þjónustan skal vera í samræmi við staðla og skilgreiningar sem fram koma í gögnum frá: ETSI, 3GPP og gildandi skilyrði frá CEPT (t.d. ECC ákvörðun ECC/DEC/(05)05) ásamt ESB ákvörðun 2008/477/EC. Sjá einnig leiðbeinandi reglur ITU ITU-R M.2135-1 varðandi gæðamarkmið IP þjónustu.

Notkun tíðna skal lúta gildandi úrskurðum og tilmælum sem sett eru á alþjóðavettvangi og PFS tekur mið af.

Gerð er krafa um að tíðnir skv. heimild þessari verði teknar í notkun innan 12 mánaða frá útgáfu heimildarinnar. Með notkun er átt við að fjarskiptaþjónustan sé virk og standi almenningi til boða með aðgengilegum hætti í áskrift og/eða frelsisnotkun. Að öðrum kosti áskilur PFS sér rétt til að fella tíðniheimildina niður án greiðslu skaðabóta. Sama gildir ef þjónusta tíðniréttthafa er lögð niður lengur en 6 mánuði samfelld.

Í því skyni að koma á laggirnar heildstæðri aðferð til mælingar á umferð í kerfinu áskilur PFS sér rétt til að leggja fram áætlun um hvernig mæla megir á reglubundinn hátt álagið á annatíma á afmörkuðu þjónustusvæði og hvernig nota megir umrætt gildi til að reikna út nýtni úthlutaðs tíðnisviðs.

PFS getur farið fram á að tíðniréttthafi breyti tæknieiginleikum sem tengjast tíðniúthlutun, þ.m.t. staðsetningu loftneta, í því skyni að auka hagkvæmni í tíðninotkun eða til þess að draga úr vanda vegna truflunar. PFS skal, í samráði við tíðniréttthafa, leitast við að halda kostnaði vegna slíkra breytinga í lágmarki.

### **3. gr.**

#### **Gæðaviðmið þjónustu**

Tíðniréttihafa ber að taka mið af leiðbeiningum sem Póst- og fjarskiptastofnun gefur út varðandi lágmarksgæði gagnaflutningsþjónustunnar og forsendur hraðamælinga. Í umræddum leiðbeiningum verða sambærilegar leiðbeiningar BEREC (e. Body of European Regulators for Electric Communications) hafðar til hliðsjónar (Skjal nr. BoR (16) 127, útg. í ágúst 2016). Leiðbeiningar Póst- og fjarskiptastofnunar, að höfðu samráði við fjarskiptafyrirtæki, munu verða gerðar bindandi með reglusetningu þegar tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2015/2120/EB hefur verið innleidd í íslensk lög.

### **4. gr.**

#### **Netbúnaður og truflanir**

Sé tíðnisviðið notað fyrir UMTS/LTE þjónustu skal allur kerfisbúnaður vera í samræmi við UMTS/LTE staðla sem í gildi eru hverju sinni í þeirri mynd sem ETSI birtir þá. Sé tíðnisviðið notað fyrir aðra tækni skal kerfisbúnaður vera í samræmi við hlutaðeigandi staðla.

Allur radióbúnaður sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að búnaður uppfylli kröfur RED tilskipunarinnar (2014/53/EU).

Tíðniréttihafi skal tryggja að búnaður á hans vegum valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum fjarskiptum. Ber honum að tilkynna PFS um truflanir sem honum eru kunnar, hvort sem þær eru af völdum hans nets eða á því. PFS getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að koma í veg fyrir vanda vegna truflana. Tíðniréttihafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrir mælum PFS um að bæta úr truflanavanda sem stafar af búnaði hans. Tíðniréttihafi skal bera ábyrgð gagnvart notendum sínum að því er varðar truflanir innan farsímakerfis.

PFS getur látið innsigla búnað, sem veldur skaðlegum truflunum eða bannað notkun hans, sbr. 64. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur PFS afturkallað tíðniheimild þessa.

### **5. gr.**

#### **Notendabúnaður**

Tíðniréttihafi skal hvorki beint né óbeint gera kröfur til notendabúnaðar sem eru frábrugðnar stöðlum, sbr. 4. gr.

### **6. gr.**

#### **Fjarskiptavirki og upplýsingagjöf**

Tíðniréttihafa er heimilt að setja upp fjarskiptavirki, önnur en búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, sem hluta af fjarskiptanetum sínum án sérstakrar heimildar hverju sinni.

Uppsetning radióstöðva (móðurstöðva), sem nota tíðnir samkvæmt tíðniheimild þessari, er háð samþykki PFS. Tilkynna skal fyrirfram til PFS um uppsetningu radióstöðva og tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radióstöð, þ.m.t. tíðni, staðsetningu, tegund og hæð loftnets, pólun

geislunar og sendistyrk. PFS áskilur sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum um fjarskiptavirki ef þörf er á.

PFS áskilur sér rétt til að takmarka geislað afl á hverjum sendistað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir líklegar truflanir.

## **7. gr.**

### **Skilyrði vegna útgeislunar og umhverfis**

Tíðniréttthafi skal sjá til þess að rafsegulgeislun frá búnaði á vegum hans sé innan þeirra marka sem tilgreind eru í leiðbeiningum gefnum út af ICNIRP, um rafsegulgeislun eða í samræmum við viðmið sem eru í íslenskum reglum eða lögum.

Tíðniréttthafi skal sjá til þess að búnaður á vegum hans sé ekki settur upp eða rekinn á stað með þeim hætti sem veldur því að samanlögð rafsegulgeislun á þeim stað fari yfir þau mörk sem tilgreind eru með leiðbeiningum ICNIRP og eða eru sett í íslenskum reglum og lögum. Uppsetning og frágangur búnaðar tíðniréttthafa skal vera í samræmi við tilmæli Alþjóðafjarskiptasambandsins ITU-K.52.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í tilmælum ICNIRP, reglum eða viðeigandi íslenskum stöðlum skal leyfishafi bæta úr því án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis.

Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvort öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal sá leyfishafi sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu með því að tryggja að almenningur hafi ekki aðgang að svæðinu eða hætta notkun hans.

## **8. gr.**

### **Eftirlit með tíðniréttthafa**

Tíðniréttthafi sætir eftirliti með starfsemi sinni og fjárhag af hálfu PFS, eins og nánar er kveðið er á um í ákvæðum laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. PFS er enn fremur heimilt að grípa til úrræða sem kveðið er á um í 5. gr. sömu laga, þ.e. að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsingar þessar skulu veittar munnlega eða skriflega, allt eftir ákvörðun PFS og innan þeirra tímamarka sem stofnunin setur.

Sem hluta af eftirliti með starfsemi tíðniréttthafa og fjárhagstöðu getur PFS krafist þess að hann afhendi stofnuninni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda síns og aðrar sambærilegar upplýsingar.

PFS getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækisins og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til þess að ætla að brotið hafi verið gegn lögum, nr. 81/2003, um fjarskipti eða framangreindum lögum, nr. 69/2003, reglum eða einstökum ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga, nr. 88/2008, um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

Tíðniréttthafi skal láta PFS í té allar þær tölfræðilegu upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegt að safna í þeim tilgangi að fylgjast með þróun á fjarskiptamörkuðum, t.d. upplýsingar varðandi

fjölda notenda, stærð fjarskiptaneta, umferð um fjarskiptanet, fjölda bilana, fjölda kvartana, notendagjöld, tekjur, útgjöld og fjárfestingar. PFS getur í þessum tilgangi sent út spurningalista með reglulegu millibili og ber tíðniréttihafa að svara þeim innan þess tíma sem stofnunin ákveður.

Tíðniréttihafi skal tilkynna PFS ef breyting er gerð á nafni hans, heimilisfangi eða fyrirsvari.

Á grundvelli 12. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun og 36. gr. reglugerðar nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna, getur PFS lagt á tíðniréttihafa dagsektir fari hann ekki að ákvæðum laga, reglugerða, skilyrðum í tíðniheimild, eða einstökum ákvörðunum stofnunarinnar eða veitir ekki þær upplýsingar sem honum er skylt að afhenda stofnuninni.

### **9. gr.**

#### **Breyting á ákvæðum heimildarinnar**

PFS skal heimilt að breyta ákvæðum í heimild þessari, sbr. 12. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, þegar sérstaklega stendur á. Leiði breytingar á gildistíma heimildarinnar til skerðinga á réttindum tíðniréttihafa samkvæmt heimild þessari öðlast hann ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

### **10. gr.**

#### **Afturköllun**

PFS getur afturkallað heimild þessa ef tíðniréttihafi stendur ekki í skilum með greiðslu boðsfjár, rekstrargjalda eða annarra gjalda, er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða verður úrskurðaður gjaldþrota. Sama gildir ef tíðniréttihafi stendur ekki við skilyrði um útbreiðslu samkvæmt 2. gr., þau gæðaviðmið sem sett eru fram í 6. og 7. gr. eða kröfu um skilvirka nýtingu tíðnisviðsins samkvæmt 5. gr. tíðniheimildar þessarar. Þá getur stofnunin afturkallað réttindi samkvæmt tíðniheimild þessari í þágu almannahagsmuna ef mikilvægar forsendur fyrir réttindunum breytast eða bresta, t.d. en ekki eingöngu vegna alþjóðlegra samþykka sem Ísland er aðili að. Að öðru leyti skulu gilda ákvæði 73. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, um afturköllun og málsmeðferð vegna hennar.

### **11. gr.**

#### **Gildistími**

Heimild þessi gildir frá 1. ágúst 2017 til 31. júlí 2032.

Póst- og fjarskiptastofnun, 7. júlí 2017

---

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

---

Sigurjón Ingvason